

# STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 1997

19. desember 1997

1589

Nr. 694

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 571/1996, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað núverandi skilgreiningar á hugtakinu eigið fé í 2. gr. komi eftirfarandi texti:  
*Eigið fé:* Eigið fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga, sem gilda um viðkomandi lánastofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, en þó að frádregnum eiginfjárþætti C samkvæmt eiginfjárákvæðum sömu laga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 19. desember 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Tryggvi Axelsson.*

19. desember 1997

Nr. 695

## REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 560/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0704.9002	Rauðkál	22.12.97-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	05.01.98-15.03.98	ótilgr.	30	0

Gutenberg

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Ólafur Friðriksson.*

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum á Héraðsflóa.

## 1. gr.

Frá og með 1. janúar 1998 til og með 30. apríl 1998 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði á Héraðsflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°47,20 N - 14°18,60 V

3. 65°38,20 N - 13°51,20 V

2. 65°48,25 N - 14°12,30 V

4. 65°37,55 N - 13°54,90 V

Að vestan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*